

4. gr.

Fræðslumálastjóri gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um skipan próf-dómenda við framhaldsskóla, er undir menntamálaráðuneytið heyrja, nema Háskóla Íslands.

177

28. ágúst

5. gr.

Fræðslumálastjóri gerir tillögur til ráðuneytisins um skipun skólanefndarformanna, bæði er aðalskipanir fara fram og eins ef sæti verður laust milli aðalskipana.

6. gr.

Fræðslumálastjóri skal árlega, ef eigi er annars óskað, gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um bygging skólahúsa og skólastjóraibúða, og fjárbörf úr ríkissjóði til þeirra bygginga og má ekki hefja slíkar framkvæmdir nema fyrirfram hafi verið aflað skriflegs samþykkis menntamálaráðuneytisins. Fræðslumálastjóri skal árlega gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir fjárbörf úr ríkissjóði til skólahlalds í landinu.

7. gr.

Fræðslumálastjóra ber að gæta þess, að eigi sé að því er skólamál varðar, efnt til útgjalda umfram fjárlög eða aðrar greiðsluheimildir Alþingis eða menntamálaráðuneytis, og þarf til slíkra frávíka skriflega heimild menntamálaráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn.

Menntamálaráðuneytið, 28. ágúst 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

178

12. sept.

um gerð reikninga tryggingafélaga yfir lögboðnar ábyrgðartryggingar, endurskoðun þeirra og birtingu.

1. gr.

Við lok hvers árs skal tryggingafélag gera sérstakan rekstrarreikning yfir tryggingastarfsemi sína vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga bifreiða.

2. gr.

Í hverju tryggingafélagi skal halda sérstaka reikninga fyrir eftirtalda bókhaldsliði, sem einungis snerta lögboðnar ábyrgðartryggingar:

A. Tekjur:

1. Iðgjöld.
2. Umboðslaun frá endurtryggjendum.
3. Hluti endurtryggjenda í tjónum.
4. Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum.
5. Yfirfærð iðgjöld frá fyrra ári.

B. Gjöld:

1. Tjón greidd.
2. Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum.
3. Umboðslaun til umboðsmanna.

178
12. sept.

4. Lagt til hliðar vegna óuppgerðra tjóna.
5. Iðgjöld yfirfærð til næsta árs.
6. Afsláttur veittur tryggingatökum.
7. Annar kostnaður, sem hægt er að sérgreina að fullu á ábyrgðartryggingar.

3. gr.

Í þeim tryggingafélögum, sem hafa sjálfstæðar bifreiðadeildir, skal færa sérstakan kostnaðarreikning fyrir deildina og á hann skal færa allan kostnað, sem hægt er að sérgreina að fullu.

Að svo miklu leyti, sem hægt er að sérgreina að fullu fyrir bifreiðatryggingar eftirtalda liði, skulu þeir færðir á kostnaðarreikning bifreiðadeilda samkv. 1. mgr.:

1. Laun starfsmanna og önnur friðindi (t. d. lífeyrissjóður).
2. Húsaleiga, ljós, hiti, ræsting, símakostnaður.
3. Prentun, rittföng, bækur, blöð og tímarit, póstkostnaður.
4. Ferðakostnaður, risna, auglýsingar, skrifstofuáhöld.
5. Leyfisgjöld, bankakostnaður, vextir.
6. Gengistap, fyrningar, tapaðar skuldir og kostnaður vegna tryggingasöfnunar.
7. Önnur gjöld, sem dómsmálaráðuneytið samþykkir, að til útgjalda skuli koma á reikning ábyrgðartrygginga.

Kostnaði þessum skal skipta milli lögboðinna ábyrgðartrygginga og frjálsra bifreiðatrygginga í hlutfalli við iðgjaldatekjur.

4. gr.

Kostnaður samkv. 3. gr. 2. mgr. 1—7, sem ekki getur færzt að öllu á bifreiðadeild samkv. 3. gr., skal færast að öllu leyti með hliðstæðum liðum á öðrum rekstri tryggingafélags og síðan jafnað niður þannig, að bifreiðadeild beri hluta í samræmi við hluta bifreiðadeildar í heildariðgjaldatekjum félagsins og síðan jafnað milli ábyrgðartrygginga og frjálsra bifreiðatrygginga samkv. 3. mgr. 3. gr.

Á sama hátt skal bifreiðadeild bera að réttu hlutfalli kostnað við yfirstjórn fyrirtækisins, endurskoðun, skatta, opinber gjöld og aðra liði, sem dómsmálaráðuneytið samþykkir, að til útgjalda skuli teljast.

5. gr.

Hafi tryggingafélag tekjur, sem ekki falla undir 2. gr. a., skal færa þær samkvæmt 2. gr. a., ef þær verða sérgreindar fyrir lögboðnar ábyrgðartryggingar, en í samræmi við 3. gr. eða 4. gr., ef þær verða ekki sérgreindar og bókfærast ábyrgðartryggingin eftir þeim hlutföllum, sem í 3. gr. og 4. gr. segir.

6. gr.

Við endurskoðun skulu endurskoðendur bera rekstursreikning samkv. 1. gr. saman við bækur félagsins og fylgiskjöl og gæta þess, að allir liðir rekstursreikningsins séu rétt samdir samkv. bókum þeim, sem hann er byggður á, og fylgiskjöllum, sbr. reglugerð þessa og 4. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna.

Telji endurskoðendur ástæðu til frekari athugunar á einstökum liðum, skulu þeir snúa sér til dómsmálaráðuneytisins, sem þá getur fyrirskipað, að frekari gögn og fylgiskjöl varðandi þau atriði, sem það fellst á, að þurfi sérstakrar athugunar við, skuli látin endurskoðendum í té.

Skylt skal tryggingafélögum að láta endurskoðendum í té skýrslu um, hvaða bilar séu kaskótryggðir hjá félaginu.

7. gr.

Tryggingafélag skulu hafa reikninga tilbúna eigi síðar en 1. júlí ár hvert og endurskoðendur skulu hafa lokið störfum eigi síðar en 20. september ár hvert.

8. gr.

Tryggingafélögum er skylt að birta reikninga um lögboðnar ábyrgðartryggingar eigi síðar en 1. okt. ár hvert, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum tryggingafélaganna, ef reikningum félags hefur ekki áður verið breytt í samræmi við þær.

178

12. sept.

9. gr.

Dómsmálaráðherra skipar 2 endurskoðendur til 4 ára í senn til að endurskoða reikninga tryggingafélaganna, samkv. 4. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna, annan þeirra eftir tilnefningu frá samtökum bifreiðaeigenda, Vörubilstjórafélaginu Þrótti, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Félagi sérleyfishafa og Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda. Tryggingafélög greiða endurskoðendum laun eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

10. gr.

Ágreiningi milli endurskoðenda eða milli þeirra og tryggingafélaga skal skjóta til dómsmálaráðuneytisins, sem einnig veitir skýringar á reglugerð þessari.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkv. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 7 24. jan. 1952, um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 (4. mgr. 36. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941) og öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. september 1952.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um afnám ákvæða auglýsingar nr. 38 1. marz 1952, um varúðarráðstafanir vegna gin- og klaufaveikihættu frá Kanada.

179

13. sept.

Þar sem talið er fullvíst, að gin- og klaufaveiki hafi verið útrýmt að fullu og öllu í Kanada, eru hér með felld úr gildi ákvæði auglýsingar nr. 37 1. marz 1952, um takmarkanir á innflutningi á vörum frá Kanada.

Auglýsingar landbúnaðarráðuneytisins nr. 191 8. nóv. og 197 21. nóv. 1951 og nr. 208 6. des. 1951, um takmarkanir á innflutningi á vörum frá Evrópulöndum vegna gin- og klaufaveikihættu, eru enn í gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. september 1952.

F. h. r.

Gunnlaugur E. Briem.

Þorv. K. Þorsteinsson.